

# Ályktun um jafnréttisstefnu

## Markmið

- Markmið jafnréttisstefnu Kennarasambands Íslands er að stuðla að jafnri stöðu kvenna og karla innan sambandsins og leitast við að þátttaka og áhrif kvenna og karla séu sem jöfnust og jafnt tillit sé tekið til sjónarmiða og þarfa óháð kyni.
- Jafna skal aðstöðu og kjör kvenna og karla innan skólanna.
- Jafna skal aðild kynjanna að stjórnnum og stjórnunarstörfum sbr. 20. grein laga nr. 96/2000.
- Vinna skal gegn kynferðislegri áreitni og hafa tiltækar verklagsreglur komi slík mál upp.

## Ábyrgð

- Stjórnendur skóla með 25 starfsmönnum eða fleiri bera ábyrgð á gerð jafnréttisáætlunar fyrir viðkomandi skóla, sbr. 13. gr. jafnréttislaga.
- Mikilvægt er að hafa eftirfarandi að leiðarljósi:
  - a) Kennarar undirbúi nemendur af báðum kynjum fyrir einka-, fjölskyldu-, félags- og atvinnulíf.
  - b) Námsefni mismuni ekki kynjum.
  - c) Í náms- og starfsfræðslu verði lögð áhersla á að kynna báðum kynjum störf sem hingað til hefur verið litið á sem hefðbundin kvenna- eða karlastörf.
  - d) Félags- og tómstundastarf sé skipulagt með þarfir og hagsmuni beggja kynja í huga.

## Verklagsreglur

- Lagt er til að jafnréttisáætlanir skóla séu gerðar til tveggja ára í senn þar sem fram komi:
  - a) Tölulegar upplýsingar um stöðu kvenna og karla innan skólanna.
  - b) Markmið jafnréttisáætlunar skólanna og aðgerðir sem fyrirhugaðar eru til að ná markmiðum hennar og hver sé ábyrgur.
  - c) Hvernig kynningu áætlunarinnar verði háttað.

## Kynferðisleg áreitni

- Bent er á að kynferðisleg áreitni er með öllu óheimil og vísast til 17. gr. jafnréttislaga um skilgreiningu á kynferðislegri áreitni.
- Sé yfirmanni eða trúnaðarmanni gert viðvart um slíka hefðun ber viðkomandi, í samráði við stjórendur, tafarlaust að binda endi á hana.
- Þólandi skal engan skaða bera af ráðstöfunum sem gripið er til í því skyni.